

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð um takmörkun á samkomum vegna farsóttar.

1. gr.

Við reglugerðina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Til viðbótar við ákvæði reglugerðar þessarar skulu til og með 16. maí 2021 gilda eftirfarandi takmarkanir í Sveitarfélaginu Skagafirði og Akrahreppi:

- a. Þrátt fyrir 1., 2., 2. másl. 3. og 5. mgr. 3. gr. og 1. og 3. mgr. 5. gr. skal hámarksfjöldi einstaklinga samkvæmt þessum ákvæðum vera 20.
- b. Þrátt fyrir 1. másl. 3. mgr. 3. gr. skal hámarksfjöldi viðskiptavina í verslunum vera 100.
- c. Þrátt fyrir 4. mgr. 3. gr. skal hámarksfjöldi gesta á viðburðum sem uppfylla skilyrði ákvæðisins vera 100.
- d. Þrátt fyrir 1. mgr. 5. gr. skal opnunartími veitingastaða, þar sem heimilaðar eru áfengisveitingar vera til kl. 21:00 alla daga vikunnar. Gestir skulu hafa yfirgefð staðinn eigi síðar en kl. 22:00.
- e. Þrátt fyrir ákvæði 3., 6. og 8. mgr. 5. gr. skal hámarksfjöldi á sund- og baðstöðum, heilsu- og líkamsræktarstöðvum, skíðasvæðum og tjaldsvæðum vera helmingur af annars leyfilegum hámarksfjölda.
- f. Þrátt fyrir 4. og 7. mgr. 5. gr. skal hámarksfjöldi þátttakenda á íþróttæfingum og -keppnum, og í sviðslistum og sambærilegum viðburðum vera 50 manns.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er á grundvelli 12. og 18. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997, með síðari breytingum, tekur þegar gildi.

Heilbrigðisráðuneytinu, 10. maí 2021.


Ásta Valdimarsdóttir.


Ásthildur Knútsdóttir.